



## Aðalfundur Samtaka leikjaframleiðenda 2023

### Fundargerð

16.00  
19. janúar 2023  
Veröld, 4. hæð í Húsi atvinnulífsins

---

#### 1. Setning aðalfundar – kjör á fundarstjóra og fundarritara

- Þorgeir Frímann Óðinsson (ÞÓ) formaður stjórnar IGI setur aðalfund og tilnefnir því næst til fundarstjóra Nönnu Elísu Jakobsdóttur (NEJ) og til fundarritara Kristján Daníel Sigurbergsson (KDS).
- Samþykkt.

#### 2. Fundarstjóri tekur við stjórn

- Fundarstjóri athugar lögmati fundar. Aðalfundur var boðaður með tölvupósti til allra félagsmanna þann 28. desember, 22 dögum fyrir aðalfund. Hann telst því löglegur.
- Félagsmenn frá 11 af 13 aðildarfélögum boðuðu komu sína. Mættir eru 9.
- Vitar games er í umsóknarferli hjá SI og fundurinn samþykkir að fulltrúi fyrirtækisins á fundinum, Baldvin Albertsson, hafi atkvæðisrétt.

#### 3. Formaður flytur skýrslu stjórnar

- ÞÓ flytur skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023.
- Skýrsla formanns kemur inn sem viðauki nr. 1.

#### 4. Umræður um verkefnaskrá næsta starfsárs.

- Orðið var gefið laust og félagsmenn ræddu hvað setja bæri á oddinn á komandi starfsári.
- Félagsmenn ræða upplýsingar sem birtast á heimasíðu samtakanna. Umræður um hvort tilefni sé til að birta fleiri upplýsingar þar inni, til dæmis fréttir af félagsmönnum, tæki og tól fyrir ný fyrirtæki í iðnaðinum og upplýsingar um þjónustu SI og SA. Nýkjörin stjórn mun ræða málið og hefja vinnu við þarfagreiningu. Hrafn Þórisson (HP) frá Aldin Games veltir því upp hvort SI/IGI geti aðstoðað félagsmenn við að koma fyrirtækjum og fréttum af starfseminni í fjölmiðla. NEJ hvetur HP til þess að hafa samband varðandi áhugaverð fréttainnskot.
- Halldór Snær Kristjánsson (HSK) frá Myrkur Games bendir á að mikilvægt sé að stilla stefnumálum og aðgerðaráætlun upp með það í hug að mikið af áherslumálum IGI eru tímabundin í lögum.
- María spyr um plattform fyrir ný fyrirtæki sem vilja koma inn í geirann. Nr. 3 Innra starf er ætlað að þjóna þessu hlutverki.



- Umræða um viðburði á vegum IGI. Mjög vel heppnaður viðburður í London og félagsmenn almennt hlynntir því að IGI standi að fleiri viðlíka viðburðum. Hilmar Birgisson (HB) frá Mussila leggur til að það sé stefnt að því að hafa viðburð fyrir fjárfesta, almenning og aðra að minnsta kosti einu sinni á ári.
- Umræða um gögn á heimasíðunni og birtingu þeirra. Stefnt að því að starfshópur fari yfir gagnasöfnun og birtingu og samræmi gagnasöfnun nú og áður í ljósi þess að gagnaöflun hefur breyst á starfsárinu.

## 5. Formaður flytur tillögu að verkefnaskrá næsta árs.

- ÞÓ leggur til að unnið verði eftir sama plani og unnið var með á síðasti ári sjá hér að neðan:

<b>1</b> Framúrskarandi rekstrarumhverfi	<b>2</b> Aðgengi að réttu starfsafla	<b>3</b> Innra starf og ábryrgð IGI	<b>4</b> Alþjóðastarf
<b>Endurgreiðsla R&amp;B</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• 35% endurgreiðsla</li><li>• 1.100 MISK þak</li></ul> <b>Skattfrádráttur einstaklinga</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Halda 75% eða hækka í 100%</li></ul> <b>Lífeyrissjóðir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga og hafa heimildina ótímabundna</li></ul> <b>Kaupaukakerfi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Betra fyrirkomulag á Íslandi</li></ul>	<b>Erlendir sérfræðingar</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Betri hvatar</li><li>• Styttri biótími</li></ul> <b>Menntamál</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjölga útskrifuðum úr STEM</li><li>• Efla brú á milli háskóla og atvinnulífs</li><li>• Þjálfar nemendur til þátttöku í atvinnulífinu</li><li>• Auka áherslu á kennslu í tölvuleikjagerð</li></ul>	<b>Hagtölur um iðnaðinn</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Finna leið til að safna þessum upplýsingum</li><li>• Tengja við heimasíðuna.</li></ul> <b>Heimasíðan</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Uppfæra heimasíðuna.</li><li>• Setja fleiri upplýsingar inn.</li></ul> <b>Samskipti við breiðari hóp</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Nema (Framadagar), grasrótin, félagsmenn, starfsfólk</li></ul>	<b>Auka samstarf</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• NGI</li><li>• EGDF</li><li>• Íslandsstofa/alþjóðlegt starf</li></ul> <b>5</b> Markaðssetning <ul style="list-style-type: none"><li>• Stoðhlutverk við áherslumál</li><li>• Tala máli leikjariðnaðar gagnvart stjórnvöldum og almenningi</li></ul>

- Umræðum af aðalfundi bætt við sem fylla betur inn í heildarmyndina; þ.e.a.s. unnið meira með heimasíðu IGI með birtingu upplýsinga fyrir félagsmenn og mögulega félagsmenn, fréttum af félagsmönnum safnað saman og þær birtar á vefsíðu, staðið verði fyrir viðburði á vegum IGI eða erlendir viðburðir sóttir, ímynd leikjariðnaðarins á Íslandi verði styrkt og það gert á strategískan hátt. ÞÓ leggur til að stjórnarfundir verði haldnir á 2 mánaði fresti og að fyrsti fundur verði með áherslum á komandi starfsár og verkaskiptingu.
- Tillaga formanns er samþykkt.

## 6. Breytingar starfsreglna ef fyrir liggja

- Engar tillögur að breytingum á starfsreglum liggja fyrir fundinum.

## 7. Kosning stjórnar

- Kosið er um formann til eins árs auk þriggja meðstjórnenda til tveggja ára og tveggja varamanna til eins árs.
- Í framboði til formanns er Þorgeir Frímann Óðinsson frá Directive Games.

⇒ **Kjörinn einróma.**



- Í framboði til meðstjórnanda eru:
  - i. Diðrik Steinsson frá Porcelain Fortress
  - ii. Ívar Kristjánsson frá 1939 Games
  - iii. Helga Bjarnadóttir frá Sólfar / The Mainframe
- ⇒ **Kjörin einróma.**
- Í framboði til varamanns eru:
  - i. Hilmar Birgisson Mussila
  - ii. Stefán Björnsson frá Solid Clouds
- ⇒ **Kjörnir einróma.**
- Í stjórn sitja nú annað ár af tveimur:
  - i. Eldar Ástþórsson frá CCP
  - ii. María Guðmundsdóttir frá Parity Games
  - iii. Halldór Snær Kristjánsson frá Myrkur Games
- ÞÓ spyr fulltrúa á aðalfundi hvort vilji sé til þess að stækka stjórnina svo fleiri félagsmenn geti verið með. Fulltrúar á aðalfundi sammála um að allir félagsmenn séu velkomnir á stjórnarfundum og niðurstaðan sú að þeim félagsmönnum sem ekki sitja í stjórn verði boðið að taka sæti sem áheyrnafulltrúar. Áheyrnafulltrúar fá boð á stjórnarfundum, mega taka til máls á fundum og leggja fram tillögur en hafa ekki atkvæðisrétt.
- Hrafn Þórisson frá Aldin Games og Baldvin Albertsson frá Vitar Games óska eftir að gerast áheyrnafulltrúar. Það er samþykkt.

## 8. Stjórnarkjóri lýst

- Þorgeir Frímánn Óðinsson er kjörinn formaður.
- Eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn til tveggja ára:
  - i. Diðrik Steinsson frá Porcelain Fortress
  - ii. Ívar Kirstjánsson frá 1939 Games
  - iii. Helga Bjarnadóttir frá Sólfar / The Mainframe
- Eftirfarandi aðilar kjörnir varamenn til eins árs:
  - i. Hilmar Birgisson frá Mussila
  - ii. Stefán Þór Björnsson frá Solid Clouds
- Eftirfarandi aðilar verða áheyrnafulltrúar:
  - i. Hrafn Þórisson frá Aldin Games
  - ii. Baldvin Albertsson frá Vitar Games

## 9. Önnur mál

- Engin önnur mál rædd

Fundi slitið 17:38

# Ársskýrsla IGI 2022-2023



## Um samtökin

**Sýn** Samtaka leikjaframleiðenda eða Icelandic Game Industry, IGI, er að umhverfi og aðstæður íslenskra leikjaframleiðenda séu framúrskarandi í alþjóðlegum samanburði.

**Tilgangur** IGI er að vera öflugur vettvangur leikjaframleiðenda þar sem öll leikjafyrirtæki landsins koma saman og vinna að því að gera Ísland áhugavert staðarval fyrir leikjaframleiðendur á alþjóðlegum markaði. IGI er ætlað að vera samráðsvettvangur leikjafyrirtækja á Íslandi sem vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum greinarinnar. Sem dæmi má nefna eflingu nýsköpunarumhverfisins, tengsl við skóla og atvinnulíf, aukið samstarf hagsmunaaðila, þekkingarmiðlun á milli aðildarfyrirtækja auk þess að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi í leikjaiðnaði. IGI veitir stjórnvöldum stuðning þegar kemur að stefnumörkun og reglusetningu með umsögnum og virku samtali.

IGI starfa sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins (SI). Stjórn IGI vinnur að stefnumótun, forgangsröðun verkefna og málefnavinnu fyrir hönd fyrirtækja í leikjaiðnaði á Íslandi.

Tengiliður IGI innan SI á starfsárinu var Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði.

## Stjórn IGI og fulltrúar í stjórnnum og nefndum

Stjórn IGI var kjörin á aðalfundi þann 2. mars 2022. Formaður stjórnar, Þorgeir Frímánn Óðinsson, framkvæmdastjóri Directive Games, var endurkjörinn. Auk hans voru endurkjörin í stjórn til tveggja ára þau María Guðmundsdóttir, Parity Games og Halldór Snær Kristjánsson, Myrkur Games. Þá kom inn nýr í stjórn Eldar Ástþórsson, CCP. Fyrir í stjórn sátu Diðrik Steinsson, Porcelain Fortress, Ívar Kristjánsson, 1939 Games og Hilmar Þór Birgisson, Mussila. Helga Bjarnadóttir, Mainframe Industries, og Stefán Þór Björnsson, Solid Clouds voru kjörin varamenn stjórnar til eins árs.

Stjórn IGI var því skipuð með eftirfarandi hætti:

Formaður:

- Þorgeir Frímánn Óðinsson, framkvæmdastjóri, Directive Games.

Meðstjórnendur:

- Diðrik Steinsson, Porcelain Fortress.
- Eldar Ástþórsson, CCP Games.
- Hilmar Þór Birgisson, Mussila.
- Halldór Snær Kristjánsson, Myrkur Games.
- Ívar Kristjánsson, 1939 Games.
- María Guðmundsdóttir, Parity Games.

Varamenn:

- Helga Bjarnadóttir, Mainframe Industries.
- Stefán Þór Björnsson, Solid Clouds.



Þorgeir Frímann Óðinsson og Tryggvi Hjaltason frá CCP eru fulltrúar IGI í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins. Tryggvi Hjaltason er jafnframt formaður ráðsins.

Stefnumótunarfundur stjórnar var haldinn þann 31. mars þar sem áhersluatriði starfsársins voru ákveðin. Stjórn fundaði 5 sinnum á formlegum stjórnarfundum og þess utan á sértækum fundum um ákveðin áherslumál.

## Félagsmenn

Félagsmenn IGI eru við skrif þessarar skýrslu 13 talsins. IGI er í forsvari fyrir meirihluta leikjafyrirtækja á Íslandi en innan fyrirtækja IGI eru um 97% alls starfsfólks leikjaiðnaðar samkvæmt greiningu sem unnin var á starfsárinu.

## Vinna IGI innan Samtaka iðnaðarins

Mikilvægt er að hafa í huga að starfsemi stjórnar IGI markast af þeirri vinnu sem fram fer á skrifstofu Samtaka iðnaðarins annars vegar og í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins hins vegar.

Á vettvangi skrifstofu SI er unnið heildstætt að umbótum á starfsumhverfi iðnaðarfyrirtækja; að gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu verði aukin, dregið verði úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði, að eftirlit sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum, dregið verði úr skattheimtu á íslensk fyrirtæki og svo framvegis. SI hafa beitt sér ötullega í þessum málum og áherslur IGI hafa áhrif á þessa vinnu, fyrst og fremst í gegnum viðskiptastjóra IGI hverju sinni.

Þá hefur síðan árið 2016 verið starfrækt Hugverkaráð á vettvangi SI en í því eiga sæti fulltrúar allra starfsgreinahópa þeirra atvinnugreina sem byggja afurðir sínar á tækni og hugverki. Á vettvangi Hugverkaráðs eru rædd þau lykilmálefni sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga sameiginleg, til að mynda stuðningur við rannsóknir og þróun, aðgengi að sérfræðiþekkingu og fleira. Fulltrúar IGI eru virkir í vinnu Hugverkaráðs auk þess sem viðskiptastjóri IGI hverju sinni vinnur náið með Hugverkaráði og situr alla fundi. Þannig er tryggt að upplýsingaflæði sé á milli ólíkra aðila og samvinna sé um sameiginleg málefni.

Þessu til viðbótar er gott að halda til haga að aðrir starfsgreinahópar, til dæmis Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT) og Samtök sprotafyrirtækja (SSP), eiga margt sameiginlegt með SUT en sami viðskiptastjóri sinnir þessum hópum og því er samtakamátturinn meiri en ef engin tenging væri á milli þessara hópa.

## Stefnumál starfsársins

Stjórn IGI fundaði sem fyrr segir á sérstökum stefnumótunarfundi fljótlega eftir aðalfund í mars. Þar voru greind fimm áherslusvið og nokkur hagsmunamál undir hverju og einu. Áherslusvið og hagsmunamál voru eftirfarandi:

<b>1</b> Framúrskarandi rekstrarumhverfi	<b>2</b> Aðgengi að réttu starfsafla	<b>3</b> Innra starf og ábrygð IGI	<b>4</b> Alþjóðastarf
<b>Endurgreiðsla R&amp;D</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• 35% endurgreiðsla</li><li>• 1.100 MISK þak</li></ul> <b>Skattfrádráttur einstaklinga</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Halda 75% eða hækka í 100%</li></ul> <b>Lífeyrissjóðir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga og hafa heimildirna ótímabundna</li></ul> <b>Kaupaukakerfi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Betra fyrirkomulag á Íslandi</li></ul>	<b>Erlendir sérfræðingar</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Betti hvatar</li><li>• Styttri biðtími</li></ul> <b>Menntamál</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjölga útskrifuðum úr STEM</li><li>• Efla brú á milli háskóla og atvinnulífs</li><li>• Þjálfna nemendur til þátttöku í atvinnulífinu</li><li>• Auka áherslur á kennslu í tölvuleikjagerð</li></ul>	<b>Hagtölur um iðnaðinn</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Finna leið til að safna þessum upplýsingum</li><li>• Tengja við heimasíðuna.</li></ul> <b>Heimasíðan</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Uppfæra heimasíðuna.</li><li>• Setja fleiri upplýsingar inn.</li></ul> <b>Samskipti við breiðari hóp</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Nema (Framadagar), grasrótn, félagsmenn, starfsfólk</li></ul>	<b>Auka samstarf</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• NGI</li><li>• EGDF</li><li>• Íslandsstofa/alþjóðlegt starf</li></ul> <b>5</b> Markaðssetning <ul style="list-style-type: none"><li>• Stoðhlutverk við áherslumál</li><li>• Tala máli leikjaiðnaðar gagnvart stjórnvöldum og almenningi</li></ul>

## Vinna við stefnumál starfsársins

Stjórn skilgreindi á stefnumótunarfundi í upphafi starfsárs hverjir í stjórn bæru ábyrgð á hvaða málum. Í hópi fyrir menntamál voru Halldór Snær, María og Þorgeir. Í hópi fyrir heimasíðu og PR voru Hilmar, Eldar og Þorgeir. Í hópi fyrir rekstrarumhverfi voru Stefán Þór og Þorgeir. Þorgeir sá um alþjóðamál og hagtölusöfnun.

Nanna Elísa, viðskiptastjóri samtakanna, hélt utan um störf allra hópanna.

Eftirfarandi vinna átti sér stað við hvert og eitt áherslumál en mikill árangur náðist á starfsárinu.

### 1) Framúrskarandi rekstrarumhverfi

#### i) Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar

IGI hefur, ásamt öðrum hópum í Hugverkaráði SI, lagt áherslu á að endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsóknar og þróunar í nýsköpunarfyrirtækjum verði samkeppnishæfar við önnur lönd. Í mars 2020 var þak á þeim kostnaði sem má tiltaka vegna rannsóknar og þróunar hækkað í 1100 milljónir og hlutfall af endurgreiddum kostnaði hækkað í 25% fyrir stærri fyrirtæki en 35% fyrir þau minni. Þessar breytingar höfðu jákvæð áhrif á vöxt hugverkafyrirtækja og höfðu í för með sér fjölgun starfa og verkefna samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins. Þessi hækkun var tímabundin til tveggja ára en á starfsárinu vann IGI ásamt öðrum starfsgreinahópum innan SI ötullega að því að hvetja stjórnvöld til þess að hækkunin yrði endurnýjuð og varanlega fest í lög. Stór áfangi náðist í desember 2022 þegar endurgreiðslurnar voru framlengdar til 2025 í sama horfi og árið 2020, þ.e. 25% endurgreiðsluhlutfall fyrir stór fyrirtæki, 35% fyrir þau minni og þak á þeim kostnaði sem tilgreina má 1,1 milljarður króna.

#### ii) Skattfrádráttur einstaklinga áfram í 75% eða hækkaður í 100%

Heimilt er við tiltekna aðstæður og að uppfylltum ýmsum skilyrðum að draga frá tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni einstaklinga hluta af fjárhæð sem varið er til kaupa á hlutabréfum (í hlutafjárukningu) í hlutafélögum sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra þar um. Þau skilyrði sem um ræðir snúa bæði að viðkomandi félagi sem fjárfest er í og þeim einstaklingi sem óskar eftir hlutabréfafrádrætti.

Heimildin var framlengd til ársins 2025. Minnisblað frá IGI um að heimildin verði hækkuð í 100% liggur hjá fjármálaráðuneytinu en lítið þokaðist í þessu máli á starfsárinu að öðru leyti.

### iii) Auka heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga og að heimildin sé ótímabundin

Málið kom fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. [Sjá hér](#).

Á starfsárinu hefur mest þúður farið í að ræða við ólíka aðila í nýsköpunarumhverfinu um málið og athuga hvernig landið liggur varðandi stuðning við þetta atriði. Til dæmis stýrði Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs, viðburði í Nýsköpunarvikunni á vegum Kríu – sjóðasjóði, þar sem fjallað var um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja og þar kom skýrt fram frá ólíkum aðilum að jákvætt væri að málið næði fram að ganga.

### iv) Kaupréttarkerfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki bætt til muna

Stjórn IGI lagði ríka áherslu á að kaupréttarkerfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki, þá helst sprotafyrirtæki, yrði betrubætt. Viðskiptastjóri greindi áherslur félagsmanna bæði IGI og SSP og ítarlegar tillögur um nýtt kerfi voru sendar á fjármálaráðuneytið. Helsta breytingin sem lögð var til var sú að af hagnaði af hlutabréfakaupum starfsmanna, stjórnenda og sértækra ráðgjafa yrði greiddur fjármagnstekjuskattur en ekki tekjuskattur eins og um laun væri að ræða. Umsagnir SI má sjá [hér](#), [hér](#) og [hér](#) á ólíkum stigum málsins. Tillögurnar hlutu góðan hljómgrunn og birtist frumvarp á haustmánuðum þar sem lagt er til að nýtt kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki verði tekið upp á árinu 2023. Frumvarpið liggur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og fóru starfsmenn SI fyrir efnahags- og viðskiptanefnd í desember 2022 til þess að mæla fyrir frumvarpinu. [Sjá nánar hér](#).

## 2) Aðgengi að réttu starfsafli

Um árabíl hefur helsta hagsmunamál IGI verið að tryggja aðgengi að hæfu starfsfólki en borið hefur á því í auknum mæli að erfitt reynist að ráða rétt fólk og velja fyrirtæki þá oft að opna skrifstofur í öðrum löndum eða kaupa þjónustu að utan. Til mikils er að vinna fyrir íslenskt samfélag að tryggja að leikjafyrirtæki geti vaxið hér á landi en ein lykilforsendan fyrir því er öflugur mannauður. Á vettvangi IGI og SI hefur verið unnið að þessu málefni á tveimur sviðum; annars vegar hefur verið lögð áhersla á að hvetja stjórnvöld til þess að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga og hins vegar að fjölga útskrifuðum úr háskólum á Íslandi með hæfni til þess að starfa í leikjaiðnaði.

Erliene | Morgunblaðið | 12.10.2022 | 6:00 | Úppfærð 6:15

### Erlendir sérfræðingar velkomnir

Katlaug Anna Sigurbjörnsdóttir, meðstjórnandi IGI

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita sérfræðingum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EEZ), þeir hafa ekki átt græða hönd til landlæsi og þess því dæmi að fyrirtæki hafi reynt að draga til sín sérfræðingum til starfsfólki.

Þau Áslaug Anna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnuamarkaðsráðgjafi, legðu í gær fram tillögur um það og voru fyrstu aðgerðirnar samþykkaðar úr ríkisstjórn.

„Við þurfum að spila söfn er kemur að samkeppni um hæft fólk,“ segir Áslaug Anna í samtali við Morgunblaðið.

Morgunblaðið

Andrés Magnússon andrósnir.is

Séja búkurnar



Stór áfangi náðist á árinu þegar ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar lýsti því formlega yfir að erlendir sérfræðingar væru velkomnir til landsins og aðgerðaráætlun sem miðaði að því að leysa hindranir sem standa í vegi fyrir fjölgun erlendra sérfræðinga hér á landi.

#### i) Erlendir sérfræðingar fá aukinn skattafslátt og biðtími umsókna styttest

Margt hefur áunnist í málefnum erlendra sérfræðinga á starfsárinu. Stjórn IGI hefur rætt málið ítarlega á stjórnarfundum á liðnum árum og unnið í samstarfi við aðra hópa hjá SI að því að koma málefnum á kortið.

Viðskiptastjóri IGI vann minnisblað um þær hindranir sem standa í vegi fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands og fór á fund ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar til þess að kynna niðurstöður þeirrar vinnu. Hér að neðan má sjá yfirlit af tillögum SI sem lagðar voru fram í mars 2022.

Aðgerðir til þess að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga:



### Aðgerðir til þess að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga

Heildstæð áætlun til að ná settu marki

- 1 Regluverk sé skýrt og einfaldað
- 2 Tryggja að málsmeðferðartími sé ekki of langur og að upplýsingagjöf sé skýr
- 3 Lagfæra reglur í kringum heimild um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga til þess að tryggja að hvatakerfi virki sem skyldi
- 4 Tryggja viðeigandi úrræði fyrir maka og börn sérfræðinga
- 5 Vinna áfram að markaðssetningu á Íslandi sem nýsköpunarlandi í samstarfi við Íslandsstofu

Ráðherra setti af stað vinnu í ráðuneytinu til þess að finna lausn á móttöku erlendra sérfræðinga og hefur viðskiptastjóri IGI átt í góðu samstarfi við starfsfólk ráðuneytisins. Vinnan fór fram ásamt félagsmálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu sem saman halda á málaflokkum innflytjenda. Í kjölfarið birti félagsmálaráðuneytið frumvarp þar sem lagður var til starfalisti yfir þá sérfræðinga sem hafa ekki hlotið náð fyrir augum Vinnumálastofnunar vegna þess að sérfræðipækkingin er ekki byggð á skólagráðum. Starfalistanum er ætlað að ná yfir sérfræðinga í hugverkaiðnaði sem hafa ekki hlotið formlega menntun og því er hann sérstaklega heppilegur fyrir leikjaiðnað. Til þess að starfalistinn þjóni tilgangi sínum er mikilvægt að hann sé ekki of þröngur og endurspegli þann mikla fjölbreytileika sem einkennir störf í hugverkaiðnaði. Því tók viðskiptastjóri SI púlsinn á stjórn IGI hvað varðar þástarflokka sem mikilvægt er að komi fram á listanum. Listinn byggist á ÍSTARF-flokkun Hagstofunnar en einsýnt er að þar er ekki gert ráð fyrir störfum í leikjaiðnaði. Því óskaði SI eftir því að Hagstofan myndi endurskoða listann. Tekið var vel í bón SI en vinna er ekki hafin og óvíst er hvenær hún hefst.

Málið verður áfram ofarlega á lista SI og allra starfsgreinahópa innan hugverkaiðnaðar.

## ii) Fjölga útskrifuðum með hæfni til þess að starfa í leikjaiðnaði




IGI hefur lagt áherslu á það undanfarin ár að nemendur úr skólakerfinu útskrifist með hæfni til þess að starfa í tölvuleikjaiðnaði. Málið þarf að nálgast frá mörgum ólíkum hliðum og efla þarf tækninám á öllum skólastigum. Þá hefur það verið stefna SI og IGI að útskrifuðum úr STEM greinum í háskóla fjölgi á næstu árum. Markmið SI í þessum efnum er að útskrifaðir úr STEM greinum árið 2025 verði 25% allra útskriftarnema. Ísland hefur lengi verið undir meðaltali OECD ríkjanna en árið 2019 voru útskrifaðir úr STEM greinum aðeins 16% af heildarfjölda útskrifaðra háskólanema. Samkvæmt nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins sem unnin var vorið 2022 bendir þó til að fjölgun hafi orðið.

Til viðbótar við þetta hefur IGI lagt ríka áherslu á að tæknimenntun sé fjölbreyttari og að útskrifaðir hafi þekkingu og færni sem raunverulega nýtist atvinnulífinu. Þannig hefur stjórn talað fyrir því að nemendum séu kenndir grunnþættir í tæknistörfum eins og skapandi hugsun og rökræði á fyrri skólastigum og að þessi færni sé gegnumgangandi á seinni stigum. Þá hefur IGI lagt ríka áherslu á að starfsnám verði aukið á háskólastigi.



Í maímánuði áttu starfsmenn Samtaka iðnaðarins fund með ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og kynntu greiningu sína á stöðu tæknimenntunar á háskólastigi og áherslur félagsmanna um eflingu háskólanáms. Hér að neðan má sjá áhersluatriði iðnaðarins.

### 1. Auka aðsókn að námi í STEM greinum

 Kynningarstarf	 Fjárhagslegir hvatar	 Aðgerðir háskólanna
<ul style="list-style-type: none"><li>▪ Kynna starfsmöguleika í tæknigreinum fyrir ungu fólk á öllum stigum</li><li>▪ Kynna spennandi háskólanám í raungreinum fyrir ungum nemendum</li><li>▪ Fjölbreytt nálgun; fyrirtækjaheimsóknir, myndbönd, heimsóknir fulltrúa fyrirtækja í skóla</li><li>▪ Samstarf ólíkra aðila → t.d. endurverkja GERT verkefnið</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>▪ Endurskoða reiknilíkan með það markmið að tryggja gæði náms og kennslu í STEM fögum</li></ul> <p><b>Lög um Menntasjóð námsmanna</b> VII. Kefli – Sértaekar aðgerðir – 27. gr.</p> <p><i>Ráðherra er heimilt með auglýsingu að ákveða sérstaka tímabundna lífinum við endurgreiðslu námsmanna vegna tiltekinnna námsgreina.</i></p> <p><b>Skilyrði:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>▪ Upplýsingar liggja fyrir um viðvarandi skort í starfsstétt eða að skortur sé fyrirsjáanlegur.</li><li>▪ Fyrir liggja skýrsla unnin af stjórnvöldum í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekendur um mikilvægi þess að brögðast við aðstæðum skv. 1. tölul.</li><li>▪ Lífinum leiði til þess að þeir sem ljúki námi í námsgreininni nýti menntun sína til starfa í starfsstétt skv. 1. tölul. og</li><li>▪ Fjármagn sé aukið til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir lífinuninni.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>▪ Háskólar þurfa að kortleggja hvaða þarfir þeir hafa til þess að geta fjölgað nemendum í STEM - húsnæði, fjármagn, etc.</li></ul>

### 2. Minnka brottfall



### Kynningarstarf

- Kynna starfsmöguleika í tæknigreinum fyrir nemum í tæknigreinum
- Fyrirtækjaheimsóknir fyrir STEM nemendur
- Fyrirmyndir fyrir ungar konur í STEM greinum í atvinnulífinu



### Fjárhagslegir hvatar

- Endurskoða reiknilíkan með það markmið að tryggja gæði náms og kennslu í STEM fögum

#### Lög um Menntasjóð námsmanna

VII. Kefli – Sértaekar aðgerðir – 27. gr.

Ráðherra er heimilt með auglýsingu að ákveða sérstaka tímabundna lívlinun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinnna námsgreina.

#### Skilyrði:

- Upplýsingar liggi fyrir um viðvarandi skort í starfsstétt eða að skortur sé fyriráánlegur.
- Fyrir liggi skýrsla unnin af stjórnvöldum í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekendur um mikilvægi þess að bregðast við aðstæðum skv. 1. tölul.
- Lívlinun leiði til þess að þeir sem ljúki námi í námsgreininni nýti menntun sína til starfa í starfsstétt skv. 1. tölul. og
- Fjármagn sé aukió til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir lívlinuninni.



### Aðgerðir háskólanna

- Halda utan um gögn um brottfall
- Efla náms- og starfsráðgjöf
- Halda utan um nemendur

## 3. Útskrifa nemendur með færni fyrir atvinnulífið



### Kynningarstarf

- Auka skilning nemenda á þörfum atvinnulífsins og hvernig skal koma sér á framfæri



### Fjárhagslegir hvatar

- Hvetja kennaranema til að leggja áherslu á raun- og tæknigreinar-styrkir
- Skattalegir hvatar til aðila í atvinnulífinu sem taka að sér tæknikennslu í framhalds- og háskólium



### Aðgerðir háskólanna

- Leggja meiri áherslu á starfsnám með fleiri einingum og lengra starfsnámstímabili
- Leggja áherslu á sveigjanleika í námi með áherslu á að nemendur geti tileinkað sér nýja tækni
- Gefa öllum nemendum tækifæri til þess að þróa eigin lausnir
- Þjálfva nemendur til þátttöku í atvinnulífinu með fleiri samstarfsverkefnum við fyrirtæki

## Heimsókn í Menntaskólann Ásbrú

Þá hefur IGI átt þátt í að efla tölvuleikjakennslu á öllum skólastigum. Á árinu heimsóttu formaður og viðskiptastjóri Menntaskólann Ásbrú hjá Keili þar sem er sérstök tölvuleikjabraut sem stofnuð var með stuðningi IGI. Til stendur að taka þátt í starfinu með kynningum á leikjafyrirtækjum og aukinni þátttöku í verkefnum nemenda.



24. nóv. 2022 Almennar fréttir Iðnaður og hugverk Menntun Samtök leikjaframleiðenda



## Heimsóttu tölvuleikjabraut Menntaskólans á Ásbrú


### 3) Innra starf og ábyrgð IGI

Stjórn lagði ríka áherslu á það í upphafi starfsársins að heimasíða IGI, [www.igi.is](http://www.igi.is), yrði eflid, gagnasöfnun um stöðu iðnaðarins yrði komið í skilvirkt og formlegt horf og að uppfærðar upplýsingar væru birtar á vefsíðu IGI.

Mikil vinna fór í að tryggja aðgang að bakenda vefsíðunnar og fá hönnunarskjöl. Hilmar Birgisson frá Mussila leiddi þá vinnu. Hilmar setti saman leiðbeiningaskjal um uppfærslur á vefsíðunni fyrir komandi kynslóðir IGI. Þá tók Hilmar lykilhagtolur um leikjaiðnað saman í gróf til birtingar á heimasíðu IGI.

Á stjórnarfundi IGI í desember 2022 var samþykkt að viðskiptastjóri og hagfræðingur SI fengju heimild til þess að óska eftir hagtolum frá leikjafyrirtækjum til þess að taka saman stöðu iðnaðarins. Þetta var gert að evrópskri fyrirmynd en samtökin EGDF hafa um nokkurt skeið tekið saman þessar hagtolur fyrir öll lönd í Evrópu. Samtök iðnaðarins munu halda utan um þessar tölur. Könnunin var send út í desember og fullnægjandi svör bárust í janúar 2023.

Hér að neðan má sjá lykiltölur leikjaiðnaðar:



### 4) Alþjóðastarf

#### i) Nordic Game Institute (NGI)

Formaður tók virkan þátt í starfi Nordic Game Institute (NGI) en IGI á sæti í stjórn samtakanna. Samtökin voru stofnuð í Reykjavík 15. október 2002 en hafa síðan síðla árs 2021 verið landlaus. Því óskaði stjórn NGI eftir því að samtökin kæmu undir hatt SI og myndu njóta þjónustu viðskiptastjóra IGI. Unnin hafa verið drög að samstarfssamningi sem lögð voru fyrir stjórn IGI og stjórn NGI og hafa báðar stjórnir samþykkt málið fyrir sitt leyti. Viðskiptastjóri IGI mun ganga frá samningi á nýju starfsári samtakanna.

**NORDIC  
GAME  
INSTITUTE**

## ii) Meet the Icelandic Game Industry

CCP Games, Íslandsstofa og íslenska sendiráðið í Bretlandi skipulögðu, í nánu samstarfi við IGI, fjölsóttan og vel heppnaðan fjárfestaviðburð í London í september 2022. Félagsmenn IGI fjölmenntu og voru sammála um að viðburðurinn hefði opnað ýmsar dyr.



## 5) Markaðssetning

Starfsmenn SI, formaður og meðstjórnendur IGI, ráðsfólk í Hugverkaráði töluðu máli leikjaiðnaðar gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

Samtökin eru með facebook-síðu, Icelandic Game Industry, sem var lífuguð við á árinu eftir að hafa legið í dvala. Síðan var reglulega uppfærð á árinu og telja fylgjendur í dag 1098 manns. Samkvæmt tölfræði Facebook er tæpur fjórðungur fylgjenda konur en þrír fjórðu karlmenn.

Reglulega voru fréttir um IGI birtar á vef Samtaka iðnaðarins.

## 6) Önnur mál

Ýmis mál varðandi hagsmuni leikjafyrirtækja koma á borð stjórnar IGI auk þeirra hagsmunamála sem greind eru í upphafi starfsárs.

### I. Kjaramál

Kjaraviðræður hófust haustið 2022 en leikjaiðnaður hafði skilað inn minnisblaði um stöðu leikjafyrirtækja og áherslur inn í komandi kjaraviðræður á síðasta starfsári. Samtök atvinnulífsins óskuðu eftir aðkomu leikjafyrirtækja inn í kjaraviðræður við Félag tæknifólks sem er innan

Rafiðnaðarsambands Íslands. Í kjarasamningi við RSÍ sem samþykktur var í síðustu samningalotu var bókun sérstaklega fyrir þennan hóp þar sem kveðið var á um að SA og RSÍ myndu ganga frá kjarasamningi fyrir þennan hóp starfsmanna í næstu samningalotu, það er þessari sem fór í hönd árið 2022.

Umræddur hópur hefur illa náð að fóta sig í núverandi kjarasamningi SA og RSÍ sem er einkum skrifaður út frá rafvirkjum í mannvirkjagerð. Sökum þess hefur mikið verið um verktöku og svo einstök fyrirtæki verið með sérkjarasamninga. Markmiðið var að útbúa kjarasamning sem mætir vel þörfum fyrirtækja og starfsmanna í hugverkaiðnaði. Samhliða er stefnt að því að fella niður eins marga sérkjarasamninga og kostur er á. Þetta er tæknifólk sem hefur ekki háskólagráðu og fellur því ekki undir samninga verk- og tölvunarfræðinga.

Öllum félagsmönnum IGI var boðið að taka þátt í vinnunni og tóku Erna Arnardóttir, mannauðsstjóri CCP, og Þorgeir Frímann Óðinsson, formaður IGI og framkvæmdastjóri Directive Games, sæti í kjaranefndinni. Málinu lyktaði á þann veg að SA og RSÍ skrifuðu undir kjarasamning þar sem gert er ráð fyrir að mánaðarlaun hópsins hækki um 6,75%, þó að hámarki 66.000 krónur auk almennra ákvæða um styttingu vinnuviku og desemberuppbót. Í samningnum kom fram bókun þar sem gert er ráð fyrir því að farið verði í vinnu við samning við Félag tæknifólks. Samhliða þeirri vinnu verður ráðist í það verkefni að útbúa fagbréf fyrir tæknistörf og undirbúningur verði hafinn við greiningu starfa, starfsheita og hæfnimats þeirra starfa.

## II. Skapandi greinar

Þann 26. október n.k. var haldið málþing um skapandi greinar og „mikilvægi rannsókna við uppbyggingu innviða vaxandi atvinnuvegar“ eins og það var orðað í fundarboði. Óskað var eftir þátttöku Samtaka iðnaðarins (SI), ásamt aðildarfélögum þess sem heyra undir hugverkaiðnað, þ.e. Samtök leikjaframleiðenda (IGI) og Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK). Málþingið var haldið í tengslum við undirbúning stofnunar Rannsóknaseturs skapandi greina við Háskólann á Bifröst. Stjórn IGI ræddi málið en samstaða var um að leikjaiðnaður tilheyrði mun heldur hugverkaiðnaði heldur en skapandi greinum. Formaður IGI og viðskiptastjóri tóku í kjölfarið þátt í málþinginu en afstaða SI og starfsgreinahópa var mótuð í góðu samtali milli aðila fyrir þátttöku í málþinginu. Viðskiptastjórar SÍK og IGI tóku saman afstöðu samtakanna í minnisblaði.

Óljóst þótti hvað hugtakið skapandi greinar merkti og hafa SI og IGI í samtölum sínum við stofnendur Rannsóknasetursins og stjórnvöld óskað eftir skýringu á því yfir hvað hugtakið nær og hvernig stendur til að nota það. Víðtæk notkun hugtaksins skapandi greinar þykir rugla umræðuna og aðilar eru ósammála um merkingu þess. Borið hefur á misræmi er varðar atvinnugreinar sem heyra undir hugtakið. Samtökin óskuðu því eftir afmarkaðri og samræmdri hugtakanotkun meðal íslenskra stjórnvalda sem og hagaðila í þessum efnum sem tekur mið af íslenskum veruleika. Hugtakið skapandi greinar hefur ekki verið skýrt afmarkað í gegnum tíðina. Þar undir falla oftast menning og listir, svo sem bókmenntir, sviðslistir, handverk, tónlist og hönnun og á tímum tölvuleikir, arkitektúr, fjölmiðlar og umbrotshönnun.

Skýr og samræmd hugtakanotkun þegar kemur að hagtölum atvinnugreina skiptir sköpum til þess að íslensk stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur geti með skýrum hætti gert sér í hugarlund hverjar framtíðarhorfur í íslensku efnahagslífi eru. Hugtakanotkunin verður að liggja beint við og samræmast íslenskum veruleika. Þetta er mikilvægt af augljósum ástæðum en ráðstöfun opinbers fjármagns byggir á horfum í ákveðnum atvinnugreinum og spám um vöxt þeirra.

Fjölmargir aðilar geta tilheyrð hugtakinu skapandi greinar. Til dæmis eru aðilar Samtaka skapandi greina Samtónn, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Leiklistarsamband Íslands, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Tónverkamiðstöð, Útón og Miðstöð íslenskra bókmennta. Þessir aðilar eru í flestum tilvikum ríkisstyrkt fagfélög, í einhverjum tilvikum stéttarfélög. Að mati samtakanna er eðli starfsemi ofangreindra félaga afar ólík SÍK og IGI enda eru SÍK og IGI samtök atvinnurekenda. Sviðslistir, myndlist, bókmenntir og handverk eru gríðarlega mikilvægar atvinnugreinar fyrir land og þjóð en lúta allt öðrum lögmálum heldur en iðngreinar á borð við kvikmyndaframleiðslu og tölvuleikjagerð. Samtökin lýsa yfir áhyggjum af því að spyrða saman opinberum rekstri og einkaframtaki með þessum hætti og áhrifum þess á hagtölur í hugverkaiðnaði. Samstarfsfletirnir eru óneitanlega margir þar sem skapandi verkefni og einstaklingar finnast í öllum ofangreindum atvinnugreinum en að mati samtakanna er öllum aðilum óleikur gerður með því að spyrða saman svo ólíkum atvinnugreinum í eitt víðfemt atvinnugreinahugtak skapandi greina.

### Lokaorð

Árið einkenndist af jákvæðu samtali við stjórnvöld um mikilvægi áframhaldandi vaxtar í leikjaiðnaði og uppbyggingu á innra starfi samtakanna. Samstarf innan stjórnar gekk ákaflega vel og var yfirleitt mjög góð mæting á fundi. Samstarf formanns stjórnar og viðskiptastjóra SI gekk eins og í sögu. Stjórn fagnar því sérstaklega hversu mikil samstaða er innan íslensks leikjaiðnaðar en á henni byggist velgengni iðnaðarins síðastliðin ár. Ánægjulegt er að sjá hversu mörg ný leikjafyrirtæki hafa orðið til á liðnum árum og áratugum og vöxturinn hefur verið ótrúlegur síðastliðin ár. Framtíðin er björt fyrir íslenskan leikjaiðnað.

Þorgeir Frímann Óðinsson,  
formaður IGI

Nanna Elísa Jakobsdóttir,  
viðskiptstjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI

*Janúar 2023*